



KKA Akstursíþróttafélag
b/t Þorsteins Hjaltasonar
Vættagili 24
603 AKUREYRI

Akureyri, 8. júlí 2004
Tilvísun: 2004060019 / 06-001

Efni: Framkvæmdaáætlun ÍTA 2005-2008

Bæjarráð hefur á fundi sínum 8. júlí 2004 gert eftirfarandi bókun:

"Framkvæmdaáætlun ÍTA 2005-2008
2004060019 / 06-001

Tekinn fyrir að nýju 1. liður í fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs dags. 22. júní 2004. Áður á dagskrá bæjarráðs 24. júní 2004.

Karl Guðmundsson sviðsstjóri félagssviðs gerði grein fyrir málinu og þeim breytingum sem gerðar hafa verið milli funda. Lögð voru fram drög að samkomulagi og samningum við eftirtalin íþróttafélög um uppbyggingarstyrki frá Akureyrarbæ á tímabilinu 2005-2008.

Bæjarráð samþykkir samning við Bílklúbb Akureyrar að upphæð 3 milljónir króna vegna uppbyggingar akstursíþróttasvæðis.

Bæjarráð samþykkir samkomulag við Fimleikaráð Akureyrar að upphæð 67 milljónir króna vegna endurbættar æfingaaðstöðu í íþróttahúsi Glerárskóla, breytinga í íþróttahöllinni fyrir keppnis- og sýningaraðstöðu og tækjakaupa.

Bæjarráð samþykkir samning við KKA Akstursíþróttafélag að upphæð 1,5 milljónir króna vegna uppbyggingar akstursíþróttasvæðis.

Bæjarráð samþykkir samning við Siglingaklúbbinn Nökkva að upphæð 5 milljónir króna vegna gerðar varnargarða fyrir smábátahöfn.

Bæjarráð samþykkir samning við Golfkiúbb Akureyrar að upphæð 30 milljónir króna vegna endurbóta á klúbbhúsi og golfvelli.

Bæjarráð samþykkir samning við Knattspyrnufélag Akureyrar að upphæð 10 milljónir króna vegna endurbóta á útisvæðum félagsins.

Bæjarráð samþykkir samkomulag við Hestamannafélagið Létti að upphæð 60 milljónir króna vegna byggingu reiðhallar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra undirritun og frágang samninganna."

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
f.h. Akureyrarbæjar

Stelleingur



Akureyrarbær kt. 410169-6229 og KKA Akstursíþróttafélag kt.420296-2319 hér eftir nefndur KKA gera með sér svohljóðandi samning um uppbyggingu á árunum 2005 – 2008:

1. gr.

Samkomulag er um að þau verkefni sem unnið verður að á samningstímanum séu eftirfarandi:

1. Uppbygging á akstursíþróttasvæði.

2. gr.

Akureyrarbær leggur fram uppbyggingarstyrk að upphæð kr. 1.500.000,- vegna uppbyggingar fyrirhugaðs akstursíþróttasvæðis KKA. Greiðslur á framlagi Akureyrarbæjar til verkefnisins skulu nema kr. 500.000,- á árinu 2005, kr. 500.000,- á árinu 2006 og kr. 500.000,- á árinu 2007 og greiðast samkvæmt nánara samkomulagi og eru greiðslurnar háðar samþykki Akureyrarbæjar á skipulagi og væntanlegri úthlutun á landsvæði til KKA á Glerárdal.

3. gr.

Akureyrarbær leggur ekki fram fjármagn til reksturs eða viðhalds Akstursíþróttasvæðisins.


4. gr.


Ekki verður um frekari fjárframlög að ræða að hálfu Akureyrarbæjar á samningstímanum vegna framkvæmda KKA. Fjárframlög vegna rekstrar KKA eru háð afgreiðslu íþrótt- og tómstundaráðs hverju sinni.

5. gr.


Það er sameiginlegur skilningur aðila að stuðningur Akureyrarbæjar við KKA sé bundinn því að akstursíþróttasvæðið nýtist sem flestum þeim sem geta nýtt sér svæðið. Einnig er það skilningur aðila að félagið haldi uppi öflugu æskulýðsstarfi.

Akureyri 15/7 2004.


F.h. KKA Akstursíþróttafélags


F.h. Akureyrarbæjar

Vottar:


Guðni J. Hannesdóttir
Sýkni Ólafur Helgsson

REKSTRARSAMNINGUR

Akureyrarbær kt. 4101690 – 6226 annars vegar og KKA Akstursíþróttafélag kt. 420296-2319
hins vegar gera með sér svohljóðandi samning varðandi samskipti þessara aðila.

I. Hlutverk félagsins.

Félagið veitir þjónustu í formi kennslu, þjálfunar og fræðslu.

Félagið fer eftir samþykktum ÍBA og ÍSÍ varðandi áður nefnda þætti.

Fylgja vel eftir reglum ÍTA um bann við notkun áfengis og tóbaks í og við íþróttamannvirki bæjarins.

Markmið félagsins er að umgjörð þess sé á þann veg, að hún stuðli að velgengni allra sem starfa innan vébanda þess svo og bæjarbúa almennt.

II. Aðstaða í boði.

Akureyrarbær leggur félaginu til viðunandi aðstöðu í mannvirkjum Akureyrarbæjar, til þess að það megi rækja hlutverk sitt. Í þessu sambandi skal félagið leggja fram æfinga- og keppnisáætlanir með hæfilegum fyrirvara áður en æfingar eða keppnistímabil hefjast og afhenda þær ÍBA. Ganga skal á skýran hátt frá öllum aðgangi félagsins að þeirri aðstöðu sem því er látin í té svo og umgengni þess um hana.

III. Rekstrarstyrkir

Æfinga- og keppnisaðstaða í íþróttamannvirkjum Akureyrarbæjar skal vera án endurgjalds.

Félagið skal hafa aðstöðu til félagsstarfa í húsakynnum ÍBA sé ekki önnur aðstaða í boði.

Akureyrarbær veitir félaginu rekstrarstyrk að upphæð kr. 200.000.- á ári og skal hann stuðla að því, að félagið nái markmiðum sínum. Upphæðin hækkar skv. neysluvísitölu frá 1. janúar 2006. Skal styrkurinn greiddur í formi eingreiðslu 15. mars hvert ár.

IV. Upplýsingar og skýrslugerð

Félagið skal gefa ÍBA upplýsingar um fjármál og aðra starfsemi félagsins og er samningur ÍBA við Akureyrarbæ hluti af þessum rekstrarsamningi. Í þessu sambandi skal félagið veita ÍBA eftirfarandi upplýsingar:

- Ársreikning innan 3ja mánaða frá því að reikningsárinu lýkur.
- Milliuppgjör a.m.k. einu sinni innan rekstrarársins.
- Áætlun um rekstur næsta árs fyrir lok júnímánaðar ár hvert vegna skýrslu ÍBA til ÍTA til undirbúnings gerðar fjárhagsáætlunar Akureyrarbæjar.
- Halda skal aðalfund árlega.


V. Gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2006 til 31. desember 2008 en framlengist síðan sjálfkrafa um tvö ár sé honum ekki sagt upp, en það verður að gerast a.m.k. 3 mánuðum áður en hann rennur út. Verði vanefndir á samningnum af hálfu félagsins varðandi upplýsingagjöf og skýrslugerð til ÍBA skv. IV. kafla er Akureyrarbæ heimilt að stöðva greiðslur skv. samningi þessum allt þar til úrbætur hafa átt sér stað.

VI. Ágreiningsmál

Verði ágreiningur um þennan samning eða einstök ákvæði hans skulu aðilar reyna sættir. Reynist nauðsynlegt að reka dómsmál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands-eystra.

Akureyri, 30.01.2006


F.h. Akureyrarbæjar


F.h. KKA Akstursíþróttafélagsins